

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardal Laugardalur, Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardal	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram þrjú ný frávik og eitt eldra frávik var staðfest. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar, s.s. magn úrgangs.
- Takmörkun aðgangs, umgengni á svæðinu og verkstjórn.
- Umhverfismarkmið.
- Viðbragðsáætlun um bráðamengun hafs og stranda.
- Skil skráninga.
- Svæðið skoðað.

Skv. rekstraraðila hafa 25,08 tonn verið urðuð á urðunarstaðnum í Laugardal árið 2016 en leyfilegt er að urða allt að 700 tonn árlega á staðnum. Íslenska Gámafélagið losaði allan þann úrgang. Búið er við að aukningu á efni til urðunar í sveitarfélaginu þegar kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka kemst í gagnið. Að öllum líkindum mun þaðan falla mest til af kerbrotum og kísilryki en það er óvíst hversu mikið magn það verður. Minnt er á að einungis er heimilt að taka á móti þeim úrgangi er kveðið er á um í gr. 1.2 í starfsleyfi.

Frá síðasta eftirliti hafa engar kvartanir borist rekstraraðila né eftirlitsaðila vegna svæðisins og enginn mengunarslys eða óhöpp hafa verið skráð.

Aðgangur að urðunarstaðnum hefur fram til þessa ekki verið algjörlega takmarkaður því ýmsir aðilar hafa haft aðgang að svæðinu og verið með lykla að hliðinu inn á svæðið. Nú er búið að skipta um lás á hliðinu og það þarf að kalla út bæjarverkstjóra eða umsjónarmann svæðisins til að komast þar inn. Á næsta ári stendur til að fá verktaka til að hafa umsjón með svæðinu og verður það boðið út.

Umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn í Laugardal hafa ekki borist Umhverfisstofnun en þau áttu að vera klár í 1. mars 2016, verið er að vinna að gerð þeirra. Jafnframt er verið að vinna að gerð viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar hafs og strand en hún var ekki aðgengileg eftirlitsaðila í eftirlitinu.

Farið var yfir skil á skráningum en Umhverfisstofnun hafa einungis borist magntölur úrgangs og niðurstöður eftirlitsmælinga en aðrar skráningar hafa ekki borist.

Ekki er að sjá mikið fok á svæðinu en þegar við hefur átt hefur rusl verið tínt upp í nágrenni urðunarreinarinnar. Í urðunarreininni er ýmislegt sem ekki telst til óvirks úrgangs s.s. brotajárn. Líklegt þykir að þessi úrgangur hafi borist inn á svæðið áður en skipt var um lás á hliðinu og því er ekki vitað hvaðan hann barst eða hver losaði hann inn á svæðið. Rekstraraðila er bent á að hann beri ábyrgð á þeim úrgangi sem kemur inn á svæðið og ber að koma þeim úrgangi sem óheimilt er að urða á svæðinu í viðeigandi úrgangsferli.

Frávik frá

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Skv. gr. 1.2 í starfsleyfi er óheimilt að urða annað en óvirkan úrgang og úrgangs sem hefur verið meðhöndlaður og telst

tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang. Brotajárn sem var í urðunarreininni fellur ekki þann flokk.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. mars 2016. Umhverfismarkmið voru ekki til staðar við eftirlit og hafa ekki verið send eftirlitsaðila.

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda var ekki aðgengileg eftirlitsaðila og hefur ekki verið send eftirlitsaðila. Samkvæmt gr. 2.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda vegna starfseminnar og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Viðbragðsáætlunin skal vera tiltæk starfsmönnum og aðgengileg eftirlitsaðila.

Gr. 5.4 og 5.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili skila niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undan gengið almanaksár. Umhverfisstofnun hafa ekki borist allar þær skráningar sem rekstraraðila á að skila inn og taldar eru upp í gr. 5.1. í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.07.2017

Steinunn Karlsdóttir